

Föstudaginn 26. september 1986.

Nr. 235/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sparisjóði Kópavogs og

Skiptaráðandanum í Reykjavík

f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar

Kærumál. Hald á skjölum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. f.m., er barst Hæstarétti 27. f.m. og krafist þess að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og þeim tildæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Greinargerð ríkissaksóknara, sem barst Hæstarétti 23. þ.m., fylgdu ljósrit af þeim sjö veðskuldabréfum sem um ræðir í máli þessu svo og endurrit framhaldsrannsóknar sem fram fór 17. og 19. þ.m., en þá komu fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins Árni Björgvinsson, Vilhjálmur Sigurðsson Heiðdal og Sigurlaug Barða-dóttir bankafulltrúi.

Samkvæmt greinargerð ákærvalds beinist rannsókn málsins nú, auk rannsóknar á viðskiptum Jóhönnu Lúcinu Vilhjálmsdóttur Heiðdal og Kristjönu Guðmundsdóttur, að því „hvernig tilkomið er eignarhald kærða Árna Björgvinssonar og síðar Sparisjóðs Kópavogs á umræddum sjö veðskuldabréfum svo og ætluð fölsun á framsölum þessara sjö veðskuldabréfa, þar sem upphaflegum ódagsettum eyðuframsölum Jóhönnu Heiðdal er sýnilega breytt í nafnframsöl til Árna Björgvinssonar en á þeim fölsunum á framsalsáritunum svo og síðari handveðsetningu leiða kærðu formlegan rétt sinn til innheimtu veðskuldabréfanna.“

Ætla má að umrædd sjö veðskuldabréf hafi sönnunargildi við rannsókn þá sem fram fer á framsölum þeirra til Árna Björgvinssonar og handveðsetningu þeirra til Sparisjóðs Kópavogs og þar sem ekki er loku fyrir það skotið, að bréfanna hafi verið aflað á refsí-

verðan hátt, þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Krafa um kærúmálskostnað verður ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt gögnum málsins afhenti Jóhanna Lúinda Vilhjálmsdóttir Heiðdal Árna Björgvinssyni umrædd sjö veðskuldabréf. Hann setti öll bréfin Sparisjóði Kópavogs að handveði fyrir skuld, en ekki einungis fjögur þeirra svo sem ranghermt er í hinum kærða úrskurði. Gögn málsins gefa eigi til kynna að varnaraðilar séu að bréfunum komnir með ólögmætum hætti. Eigi verður séð að krafa muni gerð um upptöku bréfanna og óþarft er að halda þeim lengur vegna sönnunargildis þeirra, enda kæmu ljósrit eða afrit af þeim að sama haldi. Að mínu áliti brestur því heimildir 43. gr. laga nr. 74/1974 til þess að bréfunum verði haldið og ætti að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðilum kærúmálskostnað úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkur 30. júní 1986.

Með kröfu RLR ásamt greinargerð dags. 23. júní 1986, og kröfu dags. 09.12.'85, hefur þess verið krafist að Rannsóknarlögreglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á 7 verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00 að höfuðstól með veði í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, 4. og 5. veðrétti, móttækin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með litra-númerum embættis bæjarfógetans í Ólafsvík, nr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 og 1135/1983. Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr: 5903-0582, og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nafnnúmer: 5026-5846. Bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs á umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík. Bréfin voru send embættinu af Gunnari Jónssyni lögfr. f.h. Sparisjóðs Kópavogs.

Vísað er til 43. gr. 1. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafan um heimild til að leggja hald á framangreind veðskuldabréf gerð í þágu

rannsóknar RLR-málsins nr. 106/1984, sem fram fer vegna gruns á fjárdrætti og/eða umboðssvikum, fjársvikum og brots á 39. gr. 1. nr. 13, 1979. Rannsóknin fer fram vegna kæru Arnmundar Bachmans hrl. f.h. útgefanda bréfanna, Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, en kæran barst Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1984.

Málsatvik eru þau, að 29. júlí 1983 gerðu fyrrnefndar Kristjana Guðmundsdóttir og Jóhanna J. Heiðdal með sér kaupsamning um heildverslun Jóhönnu Heiðdal ásamt vörulager, tækjum og umboðum.

Samkvæmt samningnum fylgdu eftirtalin umboð með í kaupunum:

- a) Mary Quant snyrtivörur,
- b) Cutrin hársnyrtivörur,
- c) Vagabond snyrtitöskur,
- d) Gillgruist & Sons baðsnyrtivörur,
- e) Nylon housery (sokkabuxur o.fl.),
- f) Dolares Hats, M.Q. slæður,
- g) Pictutarial sápur og gjafavara,
- h) Christen Sonningbelti,
- i) Beujanglas.

Samkvæmt kaupsamningnum lýsti seljandi, Jóhanna J. Heiðdal, því yfir að hún hefði einkaleyfi fyrir umboðunum A-I, en hefði munnlegt einkasöluleyfi fyrir öðrum umboðum. Samningi þessum fylgja skrifleg vottorð frá aðilum, en seljandi skuldbindur sig til að afla skriflegs einkasöluleyfis frá Max Factor (Mary Quant) fyrir 1. desember 1983. Jafnframt lýsti seljandi því yfir að hún muni reyna að afla skriflegra leyfa fyrir öðrum umboðum. Í kaupsamningnum er tekið fram, að kaupanda séu allar skuldbindingar seljanda, Jóhönnu J. Heiðdal, óviðkomandi með öllu. Umsamið kaupverð var kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með verðtryggðum veðskuldabréfum, upphæð hvers bréfs kr. 50.000,00.

Eftir að kaupsamningurinn var gerður komu í ljós ýmsir erfiðleikar fyrir kaupanda að fá fram efndir hans, m.a. fékk kaupandi aldrei skriflegt einkasöluleyfi frá Max Factor (Mary Quant). Við rannsókn málsins hefur komið fram að seljandinn, Jóhanna J. Heiðdal, hafði ekki neina heimild frá umbjóðanda sínum til að selja umboðið Mary Quant svo sem gert var, og umbjóðandanum hafði ekki verið tilkynnt um sölu. Seljandinn skuldaði Max Factor £10.436,29 og hinn nýi eigandi fyrirtækisins samkvæmt samningnum fékk þar af leiðandi ekki afgreiddar pantanir frá Max Factor eiganda Mary Quant, enda var skuld þessi gjaldfallin þegar kaupsamningurinn var undirritaður.

Við rannsókn málsins hjá RLR hefur enn fremur komið fram, að yfirlýsingar kærðu um árlega veltu fyrirtækisins fengu ekki staðist og vörulager-

inn reyndist að miklum hluta úreltur og óseljanlegur, auk þess sem hann var verðlagður á útsöluverði heildverslunar.

Þá hefur komið fram við rannsókn málsins að kærða hafði ekki í öllum tilvikum óskoraðan rétt til að framselja dreifumboðin á þann hátt sem gert var samkvæmt samningnum, enda í sumum tilvikum aðeins um viðskipta-sambönd að ræða. Við þessa aðila voru einnig óuppperðar skuldir af hálfu kærðu er torvelduðu frekari viðskipti.

Svo sem fyrr greinir, var umsamið kaupverð heildverslunar Jóhönnu Heiðdal kr. 3.500.000,00 og var að öllu leyti greitt með verðtryggðum veð-skuldabréfum. Hvert bréf var að fjárhæð kr. 50.000,00. Meðal þeirra veð-skuldabréfa, er kaupverðið var greitt með, eru þau 7 bréf sem krafa Rann-sóknarlögreglu ríkisins um hald í þessu máli lýtur að og áður hefur verið lýst. Rannsóknarlögregla ríkisins hefur þegar lagt hald á nokkur bréf, sem voru gefin út vegna þessara viðskipta og notuð hafa verið í lögskiptum. Bréfin, sem krafan um hald lýtur að, eru framhald (sic) með eyðuframsali Jóhönnu J. Heiðdal, andstætt skilyrðum verðtryggingar samkvæmt 39. gr. l. nr. 13/1979.

Kærða í máli þessu, Jóhanna Heiðdal, hefur við yfirheyrslu bæði hjá RLR og fyrir dómi í riftunarmáli, sem höfðað var vegna viðskipta þessara, skýrt frá því að hún hafi afhent Árna Björgvinssyni skuldabréf þau sem krafa er hér gerð um hald á. Kærða Jóhanna heldur því fram að Árni hafi fengið bréfin í hendur í þeim tilgangi að útvega lán fyrir kærðu í Sparisjóði Kópavogs. Hafi Árni átt að hafa notað bréfin í lögskiptum sínum við spari-sjóðinn í stað þess að sinna umboðsmennsku fyrir Jóhönnu. Þessi ráðstöf-un Árna átti að hafa átt sér stað án vitundar Jóhönnu.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins kom fram þ. 10.12.'85 að grunur léki á að í málinu út af gerð kaupsamningsins um heildverslun Jóhönnu J. Heiðdal og því fyrirkomulagi, sem haft var við greiðslu kaupverðsins og fyrr hefur verið lýst, tengdust ætluðu broti vegna fjársvika sbr. 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Þá kom einnig fram við fyrirtöku málsins þ. 10.12.'85 af hálfu RLR að grunur léki um brot gegn 247. gr. og/eða 249. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna ætlaðra svika Árna Björgvinssonar.

Af gögnum málsins má sjá að nokkuð er á reiki hver sé réttur eiganda veðbréfanna. Sparisjóður Kópavogs hefur komið fram sem formlegur inn-heimtuaðili þeirra og í greinargerð dómskj. nr. 7. kemur fram að Árni Björgvinsson hefur sett bréfin að handveði til sparisjóðs og þess vegna ritað undir sérstakt skjal sbr. dómskj. nr. 8. Í dómskj. nr. 8. kemur það fram að aðeins fjögur af þeim sjö bréfum, sem krafan um hald fjallar um, eru sett að veði. Samkvæmt uppboðsbeiðni dómskj. nr. 10. eru bréfin hins vegar 7.

Þá kemur fram í dómskj. nr. 7. að Sparisjóður Kópavogs viðurkennir að þrotabú Árna Björgvinssonar sé eigandi bréfanna að geymdum betra rétti sínum samkvæmt handveði.

Samkvæmt dómskj. nr. 13. gerir skiptaráðandinn í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar tilkall til bréfanna.

Framangreindum hugsanlegum eigendum hefur verið gefinn kostur á að tala máli sínu.

Ljóst er að verulegar líkur eru á því að Jóhanna hafi fengið bréfin með sviksamlegum hætti og Árni síðan annaðhvort hugsanlega vitað um hvernig þau voru tilkomin til Jóhönnu, sbr. yfirheyrsluna yfir honum fyrir RLR þ. 21. júní 1984, þar sem hann segist blandast inn í fjármál Jóhönnu og setið þess vegna uppi með stórskuldir, eða hann hefur með ætluðum fjárdrætti og/edá umboðssvikum fengið bréfin frá Jóhönnu. Þess má geta í þessu sambandi að ekki má ætla að þrotabú Árna Björgvinssonar hafi betri rétt en hann sjálfur.

Af ofanrituðu má ljóst vera að verulegar líkur eru á því að bréfanna hafi verið aflað á refsiverðan hátt og má því ætla að þau verði gerð upptæk.

Þá munu frumrit bréfanna og hafa sönnunargildi í málinu.

Af hálfu varnaraðila skiptaráðandans í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar er haldið fram að hugsanlegt sé að sakadómur Ólafsvíkur sé ekki bær um að fjalla um ofanritaða kröfu um hald.

Í rannsókn þessa máls kemur fram grunur um ætlað refsivert athæfi, sem gæti sætt opinberri ákæru. Samkvæmt I, II og VI kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 og samkvæmt XII kafla l. nr. 6/1978 um gjaldþrot þykir ljóst að krafan um hald eigi undir sakadóm Ólafsvíkur og sé hann bær um að úrskurða í máli þessu.

Niðurstaða:

Krafan um hald er gerð í þágu rannsóknar RLR málsins nr. 106/1984 vegna ætlaðra brota samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið og vísað til 43. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir liggur að hin verðtryggnu veðskuldabréf, sem krafan er um að leggja halda á, liggi frammi í uppboðsrétti Ólafsvíkur og eru merkt litra 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í uppboðsmálinu nr. 46/1985.

Rétturinn lítur svo á að verulegar líkur séu á því að kærða hafi gert kaupsamning þann, sem fjallað er um í málinu, í sviksamlegum tilgangi bæði hvað varðar óhæfilega hátt verð á heildverslun, tækjum og vörulager.

Þá hafi kærða ekki í öllum tilvikum óskoraðan rétt til að framselja dreifi-umboðin á þann hátt sem greindi í kaupsamningnum.

Ennfremur lítur rétturinn svo á með hliðsjón af framansögðum máls-

atvikum að verulegar líkur séu á að um fjárdrátt og/eða umboðssvik hafi verið að ræða hvað varðar þátt Árna Björgvinssonar í málinu.

Af þessu má ljóst vera að verlegar líkur eru á því að bréfanna hafi verið aflað á refsiverðan hátt og má einnig ætla að þau verði gerð upptæk.

Þá munu frumrit bréfanna og hafa sönnunargildi í málinu.

Rannsókn vegna RLR málsins nr. 106/1984 er enn ólokið.

Vegna hinna miklu réttarhagsmuna sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt ofanrituðu og með vísan til fyrirbyggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir vera fullnægt og þar sem nauðsynlegt þykir að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 7 verðtryggð veðskuldabréf merkt ltr. 1127/1983 til 1129/1983 og 1132/1983 til 1135/1983 í þágu rannsóknar málsins.

Föstudaginn 26. september 1986.

Nr. 250/1984. **Bæjarsjóður Akureyrar**
vegna Hitaveitu Akureyrar

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Sindrafells hf

(Brynjólfr Kjartansson hrl.)

Endurgreiðsla. Fyrirvari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. desember 1984. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og að stefndi